

## Að læra fyrir stærðfræðipróf

1. Upprifjun; mikilvægt er að skoða gömul dæmi, próf, heimdæmi o.fl. og rifjaðu upp hvernig þau eru reiknuð. Reiknaðu sýnidæmi úr kennslubókinni skref fyrir skref og skoðaðu hvert skref fyrir sig. „Hvað er ég að gera og af hverju?”
2. Gerðu lista yfir tegundir dæma sem eru til prófs. Taktu hliðsjón af kennsluáætlun, bókinni og fyrirmælum kennara. Merktu sérstaklega við þau dæmi sem þér þykja erfið.
3. Vertu með helstu stærðfræðihugtök á hreinu og lærðu utan að grunnstaðreyndir í stærðfræði svo sem margföldunar-töfluna, metrakerfið og fleira.
4. Skrifaðu niður öll þrepin í hverju dæmi.
5. Gerðu lista yfir þær formúlur sem eru til prófs á sér blað.
6. Nauðsynlegt er að skilja hugmyndafræðina bak við stærðfræðiformúlur, um hvað snýst hún og af hverju? Skoðaðu hvernig formúlur tengjast hver annarri.
7. Lærið saman í hópum, talið ykkur í gegnum dæmin og bíðið til ný dæmi fyrir hvort annað – hjálpist að!
8. Lestu dæmi tvisvar yfir áður en þú ferð að leysa það og vertu viss um að þú skiljir dæmið áður en þú reiknar það. „Um hvað er verið að spyrja?”
9. Skoðaðu dæmið út frá öllum hliðum með lausnir í huga. Stærðfræði er eins og púsluspil, það þarf oft að skoða hlutina fram og til baka, fara marga hringi og prófa sig áfram.
10. Sjáðu fyrir þér hvernig þú nærð að leysa dæmið - teiknaðu það jafnvel upp.

11. Lestu dæmið upphátt og segðu við sjálfa þig hvernig þú ætlar að leysa dæmið og hvaða möguleika þú hefur í stöðunni.
12. Ekki gefast upp, segðu við sjálfa þig hvert vandamálið sé og hvaða lausn þú vilt sjá í málinu – sjáðu svo hvað gerist!
13. Passaðu upp á að öll formerki séu rétt.
14. Þegar þú heldur að þú sért búin að leysa dæmið, berðu þá svarið saman við spurninguna.
15. Mundu að þú ert ekki í keppni, slappaðu af og taktu þinn tíma.
16. Sjáðu fyrir þér að þér eigi eftir að ganga vel – þannig er líklegra að þú náir árangri!